

samþykkt á aðalfundi sínum 10.—13. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut-
adeigendum til eptirbreytni.

58

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 26. marz 1897.

Kl. Jónsson.

Skýrsla

um hundalækningar í hreppi í apríl 18

Heimili.	Eru marg- ir hundar á heimil- inu?	Var mörg- um hund- um gefið inn?	Á hve marga hunda verkaði meðalið?	Komu bandorm- ar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Athugasemdir.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu- 59
bátsferða í Vestfirðingafjórðungi. — I þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., hafð 7. apríl
þjer, herra sýslumaður, jafnframt því að skýra frá því, að sýslunefndin í Norð-
urísafjarðarsýslu hafi veitt 800 króna styrk úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða
um Ísafjarðardjúp á komandi sumri, farið þess á leit að jeg af fje því, er í nú-
gildandi fjárlögum er ætlað til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi veitti, 2400
kr. til móts við nefnda upphæð.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjer með af fje því, er ræð-
ir um í 12. gr. C. b. í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 veiti til gufubátsferða um
Ísafjarðardjúp á komanda sumri $\frac{3}{4}$ á móti $\frac{1}{4}$ úr hlutaðeigandi sýslusjóði, allt
að 2400 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara
ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöð-
um, án sjerstaks endurgjalds.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa Staðarbakkapresta- 60
kalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í 12. apríl
þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess
að presturinn að Staðarbakka, síra Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson, taki 1000 kr.
embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til
þess að gjöra varnargarð fyrir austan norðurhluta túnsins og fyrir norðan svo
kalladan Veituflóa, er liggur fyrir norðan og ofan túnið, og náthaga á eyri fyr-
ir neðan túnið. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að tekinn
verði að eins fyrri helmingur lánsins þegar í stað, en síðari helmingurinn, þeg-